



## FÉLAGSFORINGI

### SKÁTAFÉLAGIÐ

- ég ber ábyrgð á öllu starfi félagsins og fjármálum þess.
- ég ber ábyrgð á að gildi skátahreyfingarinnar séu höfð að leiðarljósi í allri starfsemi félagsins
- ég stjórna fundum stjórnar og sé til þess að gerð sé fundaráætlun stjórnar fyrir hvert tímabil
- ég undirbý starfsáætlun ásamt dagskrár- og sjálfboðaliðaforingjunum, setja þarf inn viðburði á vegum (SSR), BÍS, WOSM og WAGGGS
- ég ber ábyrgð á framkvæmd aðalfundar og sé til þess að foringjar skilji mikilvægi þess að taka þátt
- ég ber ábyrgð á að ársskýrsla og reikningar séu tilbúin og að öll gögn séu aðgengileg öllum fyrir aðalfund félagsins
- ég þekki reglur félagsins og BÍS, ásamt viðbragðsáætlun æskulýðsvettvangsins.
- ég geri mitt besta við að leysa vandamál sem upp koma í félaginu, og leita hjálpar ef þess þarf
- ég leiði samstarf við önnur skátafélög í samvinnu við stjórn og foringja

### SAMVINNA INNAN FÉLAGS

- ég er í forsvari fyrir félagið
- ég er í reglulegum og góðum samskiptum við dagskrár- og sjálfboðaliðaforingjann
- ég sé til þess að sett séu markmið og langtímasýn fyrir félagið og gæti þess að þeim sé fylgt
- ég deili út verkefnum til skáta í félaginu eins og við á, þannig að allir fái verkefni við sitt hæfi
- ég ber ábyrgð á að allir skátar í félaginu séu skráðir í NÓRA félagatalið

### SAMSKIPTI

- ég sé til þess að allir fái þær upplýsingar sem hver og einn þarf (skátar í félaginu, foringjar, foreldrar, eldri skátar, bakland, SSR, BÍS)
- ég sé til þess að félagið sé sýnilegt, að almenningur viti af því og fyrir hvað það stendur
- Ég sé um samskipti við sveitarfélagið, skóla, hverfaráð og önnur æskulýðsfélög
- ég sé um samskipti við fjölmiðla, passa að allt efni sé skýrt, hlutlaust og laði að nýja félaga

### FJÁRHAGUR

- ég ber ábyrgð á fjárhag félagsins
- ég geri fjárhagsáætlun í samvinnu við gjaldkera, og gæti þess að henni sé fylgt eftir
- ég ber ábyrgð á styrkumsóknum fyrir félagið
- ég ber ábyrgð á húsnæði og búnaði félagsins, rekstri og viðhaldi

### EIGIÐ STARF

- ég endurmet reglulega mitt eigið starf
- ég er í reglulegum samskiptum við félagsforingja hjá öðrum skátafélögum
- ég tek þátt í foringjaþjálfum, eða námskeiðum sem gagnast í starfi
- ég leitast við að afla mér þekkingar um það sem er að gerast í skátastarfi innanlands og utan

### PRENNUÞJÁLFI FYRIR FÉLAGSFORINGJA

- ég er í reglulegu sambandi við þrennuþjálfann.
- ég fæ stuðning frá honum og ræði hvað er að gerast í félaginu.